

Nd.

537. Nefndarálit

[216. mál]

um frv. til l. um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að meginefni þess verði breytt svo sem fram kemur í breytingartillögu þar um.

Með samþykkt tillögu meiri hl. landbúnaðarnefndar gæti jarðanefnd heimilað undanþágu frá byggingarskyldu á jörð vegna orlofshúsabygginga breytilegra og jafnvel mjög margra félaga.

Frumvarpið gerir aðeins ráð fyrir að jarðanefnd geti undanþegið stéttarfélög, í merkingu vinnulöggjafar, byggingarskyldu á jörð. Á þá undanþágu get ég fallist og legg til að frv. verði samþykkt óbreytt svo sem það er á þingskjali 379.

Alþingi, 25. mars 1982.

Skúli Alexandersson.